

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 55 97. ár

Miðvikudaginn 12. maí 2004

Laust embætti

Biskup Íslands auglýsir laust til umsóknar embætti prests meðal Íslendinga í Svíþjóð með aðsetur í Gautaborg. Embættið er veitt frá 1. júlí 2004.

- Biskup Íslands skipar í embættið til fimm ára.
- Um launakjör fer skv. ákvörðun kjarnefndar, en að öðru leyti gilda um starfið lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
- Óskað er eftir því að umsækjendur geri í umsókn skriflega grein fyrir menntun sinni, starfsferli og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram.
- Sóknarnefnd, sem starfandi er í Gautaborg, ber ásamt presti meginábyrgð á íslenska safnaðarstarfinu í Svíþjóð.
- Lögð er áhersla á barna- og ungmennafræðslu auk almennra félags- og menningarmála. Æskilegt er að umsækjandi sýni fram á hæfni í þessum þáttum starfsins.
- Ríkar kröfur eru gerðar til færni í mannlegum samskiptum, hæfileika til sjálfstæðis í starfi og frumkvæðis.
- Starfið krefst talsverðra ferðalaga um Svíþjóð og náinna samskipta við sænska söfnuði og sænsk stjórnvöld. Því er tekið sérstakt tillit til hæfni umsækjenda í sænsku eða að öðrum kosti í dönsku eða norsku.
- Allar nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, erindisbréf, helstu lög og reglur sem um starfið gilda, eru veittar á biskupsstofu, s. 535 1500.
- Umsóknarfrestur rennur út 10. júní 2004.
- Umsóknir sendist biskupi Íslands, biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík.
- Vísað er til laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Reykjavík, 4. maí 2004.

F. h. b.,

Ragnhildur Benediktsdóttir.

(5431)

Laus störf

Akureyri.

Laus er til umsóknar staða lögreglumanns hjá embætti sýslumannsins á Akureyri með starfstigið varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður. Um er að ræða tímabundna stöðu til eins árs frá og með 1. júní 2004. Umsóknum skal skilað til sýslumannsins á Akureyri, Hafnarstræti 107, 600 Akureyri, en umsóknarfrestur rennur út þann 26. maí 2004. Daníel Guðjónsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Reykjavík.

Lausar eru til umsóknar tvær stöður lögreglumanna hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík með starfsstigið varðstjóri/rannsóknarlögreglu-

Auglýsing

um tillögu að deiliskipulagi í Fellahreppi

Sel 1.

Iðnaðarsvæði og hluti miðsvæðis austan Austurlandsvegur og norðan Einhleypings.

Fellahreppur auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi iðnaðar- og miðsvæðis er nefnist Sel 1 skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan verður til sýnis í ráðhúsi Fellahrepps, frá fimmtudeginum 13. maí til fimmtudagsins 10. júní 2004. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 25. júní 2004. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað á skrifstofu Fellahrepps, Einhleypingi 1 í Fellabæ. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

Fellahreppi, 3. maí 2004.

Byggingarfulltrúi Fellahrepps.

5422)

Auglýsing

um deiliskipulag í Sveinsstaðahreppi

Hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi lóðar í landi Þingeyra í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Skipulagssvæðið er lóðarreitur norðan kirkjugarðs Þingeyrakirkju. Tillagan felur í sér deiliskipulag fyrir byggingu þjónustuhúss fyrir Þingeyrakirkju.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveinsstaðahrepps, Hólabaki, frá og með 12. maí til og með 9. júní 2004.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til miðvikudagsins 23. júní 2004. Skila skal skriflegum athugasemdum til oddvita Sveinsstaðahrepps. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast samþykkir henni.

Oddviti Sveinsstaðahrepps.

5430)

Auglýsing

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

1. Tillaga að breyttu aðalskipulagi við Hulduhól á Eyrarbakka.

Í samræmi við 21. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997 – 2017.

Svæðið sem breytingin nær til afmarkast af Hulduhól í vestri, Þykkvaflöt í suðri, útivistarsvæði í austri og óbyggðu svæði í norðri.

Á núgildandi aðalskipulagi er reitur við Hulduhól sýndur sem óbyggt svæði og svæði til ráðstöfunar eftir skipulagstímabil. Aðkoma að lóðunum er frá Hulduhól og Þykkvaflöt.

Breyting aðalskipulagsins gerir ráð fyrir að landnotkun breytist í íbúðarsvæði. Breyting sú sem hér er sýnd gerir ráð fyrir að svæðið fái samþykki með þeim ákvæðum sem fram koma í núgildandi aðalskipulagi að öðru leyti.

2. Tillaga að deiliskipulagi við Hulduhól á Eyrarbakka.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi við Hulduhól á Eyrarbakka í Sveitarfélaginu Árborg.

Skipulagið gerir ráð fyrir framlengingu á Hulduhól til norðurs og tveim nýjum íbúðargötum út frá henni til austurs. Auk þess er lagt til að Þykkvaflöt verði framlengd um tvær lóðir til austurs. Ný íbúðabyggð samanstendur af 10 einbýlishúsalóðum, 9 parhúsalóðum og auk þess 3 lóðum sem ætlaðar eru fyrir annaðhvort þriggja eininga raðhús eða tveggja eininga parhús.

Teikning og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar Austurvegi 67, Selfossi, frá og með miðvikudeginum 12. maí 2004 til og með miðvikudagsins 9. júní 2004.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 23. júní 2004 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austur-vegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar: <http://www.arborg.is>, þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfang: bardur@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemd við tillögurnar innan ofangreindra fresta, teljast samþykkja þær.

Selfossi, 3. maí 2004.
Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

5432)

Auglýsing

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Stekkjarbakki 2, Staldrið.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Stekkjarbakki 2, Staldrið.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að á lóðinni verði heimilt að reka verslun, þjónustu, eldsneytis-sjálfsala og þvottastöð. Byggingareitur stækkar til norðurs.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20 – 16.15, frá 12. maí til og með 23. júní 2004. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 23. júní 2004.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 4. maí 2004.
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

5434)

Auglýsing

um umferð í Vestmannaeyjum

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðar-laga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum:

Einstefna verður á Reglubraut frá Skólavegi í vestur að Vestmannabraut 58b.

Einstefna verður á Brekkugötu til norðurs.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 4. maí 2004.
Karl Gauti Hjaltason.

5450)

Auglýsing

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

Samkvæmt ákvæðum 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

- Leirubakki, Landsveit.*
Deiliskipulag fyrir frístundahús í landi Leirubakka, Landsveit. Um er að ræða 3 lóðir fyrir frístundahús, við norðvestur landamörk býlisins, samtals 15,5 ha að heildarstærð.
- Ármót, Rangárvöllum.*
Deiliskipulagið nær yfir 32 ha lands. Svæðið markast af Þverá til norðausturs og þjóðvegi 252 til suðvesturs. Um er að ræða 3 lóðir fyrir frístundahús svo og lóðir fyrir; gistiheimili, íbúðar-hús, grillskála og hesthús/reiðhöll.
- Gaddstaðaflatir á Rangárvöllum.*
Deiliskipulagið nær yfir 47 ha lands og markast af Ytri-Rangá til suðvesturs og þjóðvegi 1 til norðurs. Um er að ræða svæði hestamanna. Um er að ræða lóðir fyrir; félagsheimili, hesthús og tvö hús undir snyrtingu svo og reiðhöll.
- Rjúpnaveilir, Landsveit.*
Deiliskipulagið nær yfir 42 ha lands og markast af Ytri-Rangá að austanverðu og að vestan-verðu af Landvegi nr. 26. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði sem og verslunar- og þjónustusvæði á aðalskipulagi. Um er að ræða lóð fyrir íbúðarhús svo og 6 lóðir fyrir gistiskála.
- Rangá, Rangárþingi ytra.*
Deiliskipulagið nær yfir 3,1 ha lands og markast að vestan af Þykkvabæjarvegi nr. 25 og að austan af Ytri-Rangá. Svæðið er skilgreint sem frístundasvæði á aðalskipulagi. Fyrir er íbúðar-hús, bílskúr, vélageymsla og 1 frístundahús en fyrirhugað er að byggja 4 frístundahús/veiðimannahús til viðbótar.
- Galtalækjarskógur.*
Deiliskipulagið nær yfir 107 ha lands úr jörðunum Galtalækur og Merkihovoll. Um er að ræða

maður. Önnur staðan er í forvarna- og fræðslu-deild, en hin er tímabundin staða vegna fæðingar-orlofs til eins árs við hverfalöggæslu á Grafar-vogsstöð. Umsóknum skal skilað til lögreglu-stjórans í Reykjavík, Hverfisgötu 113-115, 150 Reykjavík, en umsóknarfrestur rennur út þann 26. maí 2004. Guðmundur M. Guðmundsson starfs-mannastjóri veitir nánari upplýsingar um stöð-urnar.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjár-málaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækj-endur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknar-fresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lög-reglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglu-stjóra.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðu-blöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórnum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 3. maí 2004.
Ríkislögreglustjórinn.

(5423

Selfoss.

Lausar eru til umsóknar tvær stöður lögreglu-manna hjá embætti sýslumannsins á Selfossi. Önnur staðan er tímabundin til eins árs vegna ársleyfis frá 15. maí 2004, en hin veitist frá 1. júlí 2004. Umsóknum skal skilað til sýslumannsins á Selfossi, Hörðuvöllum 1, 800 Selfossi, en um-sóknarfrestur rennur út þann 26. maí 2004. Þróstur Brynjólfsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðurnar.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjár-málaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækj-endur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknar-fresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lög-reglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglu-stjóra.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðu-blöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórnum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 3. maí 2004.
Ríkislögreglustjórinn.

(5424

Kópavogur.

Lausar eru til umsóknar þrjár stöður lögreglu-manna hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi. Stöðurnar eru lausar frá 1. september 2004. Um-sóknum skal skilað til sýslumannsins í Kópavogi, Dalvegi 18, 201 Kópavogi, en umsóknarfrestur rennur út þann 26. maí 2004. Friðrik Björgvinsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðurnar.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjár-málaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækj-endur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknar-fresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lög-reglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglu-stjóra.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðu-blöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórnum.

Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 4. maí 2004.
Ríkislögreglustjórinn.

(5451)

Stefnur

Cecilia Cruz Castro,
kt. 120453-5119,
Miðleiti 1, Reykjavík

gjörir kunnugt: að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, á hendur eiginmanni sínum Van Donk Peter Johannes, fd. 28. nóvember 1958, með óþekkt heimilisfang, síðast til heimilis að Hillekooplein 161 3072 KV, Rotterdam, Hollandi og gerir stefnandi þær dómkröfur; að henni verði með dómi veittur lögskilnaður við ofangreindan eiginmann sinn Van Donk Peter Johannes. Þá er krafist málskostnaðar skv. framlögðu málskostnaðaryfirliti, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, að viðbættum virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður Steinunn Guðbjartsdóttir hdl., Skeifunni 11a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi og stefndi gengu í hjónaband í Rotterdam, Hollandi árið 1986. Þau bjuggu þó aldrei saman og hefur stefnandi engin samskipti átt við stefnda frá stofnun hjúskaparins. Stefnandi flutti hingað til lands árið 2000 og hefur átt skráð lögheimili á Íslandi frá 29. nóvember 2000 samkvæmt heimildum þjóðskrár, sbr. dómskjal nr. 4.

Stefnandi og stefndi eiga ekki saman börn undir 18 ára aldri. Stefnandi lýsir yfir eignaleysi af sinni hálfu.

Ef stefndi sækir ekki þing í máli þessu er heimilt að skipa honum málsvara í skilnaðarmáli þessu samkvæmt 2. mgr. 117. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Stefnanda hefur verið veitt gjafsókn í máli þessu með gjafsóknarleyfi dags. 25. febrúar 2004.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnanda er ekki kunnugt um núverandi dvalarstað stefnda þrátt fyrir tilraunir hennar til að hafa uppi á honum. Samkvæmt upplýsingum skráningaryfirvalda í Rotterdam er núverandi heimilisfang stefnda óþekkt, sbr. dómskjal nr. 5. Er stefnanda því nauðsynlegt að birta stefnu með þessum hætti.

Lagarök: Stefnandi byggir kröfur sínar á: 37. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, 41. gr., 113. gr., 114. gr., 115. gr. og 117. gr. s.l.

Krafa varðandi virðisaukaskatt er reist á lögum nr. 50/1988 og krafa um málskostnað á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málið er höfðað með birtingu stefnu í Lögbirtingablaði sbr. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Máli sínu til stuðnings mun stefnandi leggja fram: stefnubirtingavottorð, hjúskaparvottorð, búsetuvottorð Hagstofu, o.fl.

Skýrslugjöf fyrir dómi: Stefnandi mun gefa skýrslu fyrir dómi reynist það nauðsynlegt og er fyrirvari gerður um frekari skýrslugjöf fyrir dómi um málavexti.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102, dómhúsinu v/Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 24. júní 2004, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast

í bland svæði samkvæmt aðalskipulagi fyrir; opin svæði til sérstakra nota, verslunar- og þjónustusvæði sem og fyrir frístundabyggð.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

7. *Eyjasandur á Hellu.*
Skipulagssvæðið afmarkast af reit sem nær frá Eyjasandi að hesthúsahverfi og frá Langasandi að grænu svæði í suðri. Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði á aðalskipulagi. Lóðir nr 3, 6 og 9 verða óbreyttar, en lóðir 1, 2, 4, 5 og 7 verða sameinaðar í eina lóð.
8. *Svæði sunnan þjóðveg**ar á Hellu.*
Skipulagssvæðið markast af Ytri-Rangá til vesturs og þjóðvegi 1 til norðurs. Um er að ræða verslunar- og þjónustusvæði sem og iðnaðar- og athafnasvæði sbr. skilgreiningu á aðalskipulagi. Um er að ræða 6 lóðir sem þegar eru byggðar svo og 4 nýjar lóðir.

Deiliskipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 3, 850 Hellu, á skrifstofutíma frá miðvikudeginum 12. maí til og með 9. júní 2004.

Athugasemdum við deiliskipulagstillögurnar skal skila á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 3, 850 Hellu í síðasta lagi 23. júní 2004 og skulu þær vera skriflegar.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Hellu, 4. maí 2004.

Ólafur Júlíusson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra.

5455)

Auglýsing

um skipulagsmál í Grundarfirði

Með vísan í 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við:

1. *Breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003–2015, vegna deiliskipulags „miðbæjarreits – suður“.*
2. *Deiliskipulag „miðbæjarreits – suður“.*

Svæðið sem tillögurnar taka til afmarkast af eftirfarandi:

- í norðri, af Grundargötu,
- í austri, af Borgarbraut,
- í vestri, af Eyrarvegi,
- og í suðri af Hamrahlíð og syðri mörkum lóða nr. 35 og 37 við Grundargötu.

Skipulagssvæðið er skilgreint sem miðsvæði og er ætlað fyrir blandaða starfsemi s.s. verslun, skrifstofur, veitinga- og gistihús, menningarhús eða hreinlegan iðnað ásamt íbúðarbyggð. Lóðirnar Hamrahlíð 6 og 8 eru sameinaðar Grundargötu 33. Gert er ráð fyrir að Hamrahlíðinni verði lokað fyrir gegnumakstri og verður gatan þá tveir botnlangar með aðkomu frá Borgarbraut og Hrannarstíg. Skipulagssvæðið er 10.900 m² að stærð.

Uppdrættir ásamt greinargerðum með frekari upplýsingum, liggja frammi á bæjarskrifstofu Grundarfjarðar, Grundargötu 30, á skrifstofutíma, frá og með 14. maí nk. til 11. júní 2004.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar.

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast á bæjarskrifstofu Grundarfjarðar, Grundargötu 30, eigi síðar en 25. júní 2004.

Þeir sem ekki gera athugasemd við tillögurnar innan tilskilins frests, teljast vera samþykkir þeim.

Grundarfirði, 12. maí 2004.

Jökull Helgason,
skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðar.

5456)

Auglýsing

um deiliskipulag á hest- og fjárhúsabyggð í Eystri Ægissíðu, Höfn, Sveitarfélaginu Hornafirði

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með auglýst, til kynningar, tillaga að deiliskipulagi hest- og fjárhúsabyggðar í Eystri Ægissíðu, Höfn, Hornafirði.

Skipulagstillagan nær til svæðis eftir endilöngum austurjaðri Eystri Ægissíðu og inn að Drápsklettavík

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018. Skipulagstillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, Höfn, á venjulegum skrifstofutíma, frá 6. maí 2004 til 3. júní 2004.

Athugasemdum við tillöguna skal skila á bæjarskrifstofu Hornafjarðar í síðasta lagi 18. júní 2004, og skulu þær vera skriflegar. Hver sá, sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst henni samþykkur.

Hornafirði, 6. maí 2004.

Albert Eymundsson,
bæjarstjóri Hornafjarðar.

5458)

við því að útivistardómur gangi í málinu og að honum verði skipaður málsvari.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 26. apríl 2004.
F.h. stefnanda,
f.h. Steinunnar Guðbjartsdóttur hdl.,
Valgerður Valdimarsdóttir hdl.

(5345

Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness, Ólöf Pétursdóttir

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Ólafur Eiríksson hdl., kt. 290973-3929, Reykjavíkur-vegi 60, Hafnarfirði, að hann þurfi f.h. Hilmars Ágústssonar, kt. 210742-4689, Nýbýlavegi 58, Kópavogi, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Að ógilt verði með dómi veðskuldabréf útgefið hinn 30. nóvember 1981 af Hilmarí Ágústssyni, kt. 210742-4689, til heimilis að Nýbýlavegi 58, Kópavogi, til handhafa að fjárhæð kr. 30.000 tryggðu með fyrsta veðrétti og uppfærslurétti í húseigninni Nýbýlavegi 58, I. hæð til hægri, Kópavogi.

Fyrirsvar: Ólafur Eiríksson hdl. fer með mál þetta f.h. Hilmars Ágústssonar.

Málsástæður og lagarök: Veðskuldabréfið kveður stefnandi útgefið í Reykjavík hinn 30. nóvember 1981 af ofangreindum Hilmarí Ágústssyni til handhafa. Skuldabréfið sé upphaflega að fjárhæð kr. 30.000 og hafi verið tryggt með 9. veðrétti og uppfærslurétti í húseigninni Nýbýlavegi 58, I. hæð til hægri, Kópavogi, ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum, næst á eftir skuld á 1. veðrétti kr. 3.550 til veðdeildar Landsbanka Íslands, skv. tveimur veðskuldabréfum dags. 3. júní 1966 og 13. desember 1966, 2. veðrétti kr. 5.000 til Lífsj. rafiðn-aðarmanna dags. 15. mars 1976, 3. veðrétti kr. 15.000 til Búnaðarbanka Íslands, skv. veðbréfi dags. 17. október 1978, 4. veðrétti kr. 10.000 til byggingarsj. ríkisins, dags. 16/68 (sic), 5. veðrétti kr. 20.000 til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágr., dags. 11. september 1980, 6. veðrétti kr. 14.583,93, skv. handhafaveðskuldabréfi, dags. 31. ágúst 1980, 7. veðrétti kr. 50.000 skv. 2 handhafa veðskuldabréfum, dags. 19. nóvember 1980, 8. veðrétti kr. 75.000, skv. 3 handhafaveðskuldabréfum, dags. 10. ágúst 1981 og á 9. veðrétti var annað veðskuldabréf samhljóða og jafnrétthátt ofangreindu veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 30.000. Skuldabréfið hafi verið móttekið til þinglýsingar hjá bæjarfógetanum í Kópavogi þann 30. nóvember 1981 og hafi verið innfært í veðmálabækur sama dag, skv. stimpli á skuldabréfið, en skjalið er merkt nr. 4719/81. Skuldabréfið skyldi greiðast með sex afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. júní 1982. Vextir skyldu vera hæstu lögleifðu (sic) og skyldu þeir greiðast eftir á í hinum sömu gjalddögum (þ.e. 2. júní og 2. desember).

Stefnandi segir skuldabréfið að fullu greitt, en það hafi glatast og því ekki verið hægt að aflýsa því. Nauðsynlegt sé að fá skuldabréfið ógilt með dómi, svo hægt sé að aflýsa því. Stefnandi kveðst vísa um lagarök til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi er þinglýstur eigandi fasteignarinnar að Nýbýlavegi 58, I. hæð til hægri, Kópavogi.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá.
3. Ljósrit veðskuldabréfs dags. 30. nóvember 1981.
4. Veðbókarvottorð fasteignarinnar að Nýbýlavegi 58, I. hæð til hægri, Kópavogi.
5. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.

Fyrirkall: Vegna þess stefnist hér með hverjum

þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum og telur til réttar yfir því, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómsal þingsins, Fjarðargötu 9, 3. hæð, Hafnarfirði, miðvikudaginn 16. júní 2004, kl. 9.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu bréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 29. apríl 2004.
Ólöf Pétursdóttir.

(5371

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, Reykjavík, v/útibús nr. 549, Þverholti 2, Mosfellsbæ.

Stefndi: Hilmar Garðarsson, kt. 200760-2989, óstaðsettur í hús.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ólafur Eiríksson hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.742.824 með dráttarvöxtum, skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. desember 2003 til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt mati dómsins eða framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti, sem áskilinn er réttur til að leggja fram við þingfestingu og/eða á síðari stigum málsins.

Málsástæður og önnur atvik: Skuldin er skv. reikningsyfirliti tékkareiknings stefnda, Hilmars Garðarsonar, nr. 0549-26-8010 í Íslandsbanka hf., Þverholti 2, Mosfellsbæ, en skuldastaða reikningsins var þá þann 30. desember 2003, kr. 1.742.824 sem er stefnufjárhæð málsins.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði þar sem stefndi er óstaðsettur í hús og óvíst er um dvalarstað hans.

Dráttarvaxta er krafist frá gjalddaga kröfunnar skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og málshöfðun því nauðsynleg.

Tilvísun til helstu lagaákvæða: Stefnandi vísar til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og almennra reglna fjármunaréttarins um ábyrgð á fjárskuldbindingum.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Stefnan er birt í Lögbirtingablaði sbr. a lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur, því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Sönnunargögn: Stefnandi mun við þingfestingu málsins leggja fram auk stefnu þessarar:

2. Skrá.
3. Yfirlit tékkareiknings.
4. Innheimtubréf lögmanns dags. 5. febrúar 2004.
5. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.
6. Málskostnaðarreikning.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til framlagningar frekari gagna til rökstuðnings kröfu stefnanda, á síðari stigum málsins, auk reifunar frekari málsástæðna og útlistunar kröfunni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér: Hilmarí Garðarssyni, kt. 200760-2989, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð

verður í dómsal nr. 102, í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 24. júní 2004, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu.

Útivist getur leitt til þess að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 28. apríl 2004.
F.h. stefnanda,
Ólafur Eiríksson hdl.

(5372

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Árborg, kt. 650598-2029, Austur-vegi 2, 800 Selfossi.

Stefnda: Kristrún Sædís Ásgeirsdóttir, kt. 240466-4069, til heimilis að Helgolandsgade 33, 2, 6400 Sønderborg, Danmörku, en með óþekktan dvalarstað.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurður Sigurjónsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 67.350, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 11.450 frá 8. júní 2001 til 1. september 2001, af kr. 15.160 frá 1. september 2001 til 18. október 2001, af kr. 21.930 frá 18. október 2001 til 15. nóvember 2001, af kr. 35.040 frá 15. nóvember 2001 til 12. desember 2001, af kr. 47.580 frá 12. desember 2001 til 31. desember 2001, af kr. 55.380 frá 31. desember 2001 til 7. febrúar 2002, af kr. 67.350 frá 7. febrúar 2002 til greiðsludags, allt að frádregnum eftirfarandi innborgunum samtals að fjárhæð kr. 33.227: þann 30. nóvember 2001 að fjárhæð kr. 13.407; þann 28. desember 2001 að fjárhæð kr. 7.017; þann 31. desember 2001 að fjárhæð kr. 11.303 og þann 1. febrúar 2002 að fjárhæð kr. 1.500; og verður þeim ráðstafað til að greiða fyrst áfallinn kostnað og vexti, en að þeim liðum frágengnum gangi þær til lækkunar á höfuðstól kröfunnar. Komi ekki til munnlegs málflutnings í máli þessu er krafist málskostnaðar í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning, þannig að stefnandi komist skaðlaus frá málarekstrinum. Verði málið munnlega flutt þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en nýr málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á reikningsyfirliti í 7 liðum:

Nr.	Útgáfudagur og 1. vaxtadagur	Fjárhæð kr.:
1.	8. júní 2001	11.450
2.	1. september 2001	3.710
3.	18. október 2001	6.770
4.	15. nóvember 2001	13.110
5.	12. desember 2001	12.540
6.	31. desember 2001	7.800
7.	7. febrúar 2002	11.970

Stefnandi, Sveitarfélagið Árborg, varð til við sameiningu Eyrarbakkahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhrepps. Sameiningin tók formlega gildi í júní 1998. Sveitarfélagið býður upp á ýmiss konar þjónustu fyrir íbúa, meðal annars skólavist fyrir yngri börn. Skuld þessi er komin til vegna 7 ógreiddra reikninga vegna skólavistunargjalda auk hádegismats og hressingar og sundurliðast hún á eftirfarandi hátt: fyrir maí 2001 skv. reikningi nr. SO13564 útgefnum þann 8. júní 2001 með 1. vaxtadag 8. júní 2001 að fjárhæð kr. 11.450; fyrir ágúst 2001 skv. reikningi nr. SO15552 útgefnum þann 1. september 2001 með 1. vaxtadag 1. september 2001 að fjárhæð kr. 3.710; fyrir september 2001 skv. reikningi nr. SO16382 útgefnum þann 18. október 2001 með

1. vaxtadag 18. október 2001 að fjárhæð kr. 6.770; fyrir október 2001 skv. reikningi nr. SO17170 útgefnum þann 15. nóvember 2001 með 1. vaxtadag 15. nóvember 2001 að fjárhæð kr. 13.110; fyrir nóvember 2001 skv. reikningi nr. SO17792 útgefnum þann 12. desember 2001 með 1. vaxtadag 12. desember 2001 að fjárhæð kr. 12.540, fyrir desember 2001 skv. reikningi nr. SO18406 útgefnum þann 31. desember 2001 með 1. vaxtadag 31. desember 2001 að fjárhæð kr. 7.800 og fyrir janúar 2002 skv. reikningi nr. SO20658 útgefnum þann 7. febrúar 2002 með 1. vaxtadag 7. febrúar 2002 að fjárhæð kr. 11.970. Upphæð reikninganna er samtals að fjárhæð kr. 67.350, en inn á skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: þann 30. nóvember 2001 að fjárhæð kr. 13.407, þann 28. desember 2001 að fjárhæð kr. 7.017, þann 31. desember 2001 að fjárhæð kr. 11.303, og þann 1. febrúar 2002 að fjárhæð kr. 1.500, sem dragast frá skuldinni miðað við stöðu á innborgunar degi og verður þeim ráðstafað til að greiða fyrst áfallinn kostnað og vexti, en að þeim liðum frágengnum gangi þær til lækunar á höfuðstól kröfunnar. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Krafa um málskostnað byggir á málskostn-aðarreikningi, sem lagður verður fram við þing-festingu máls þessa, sem er í samræmi við vinnu við heimtu framangreindrar aðalkröfu. Um er að ræða fjárhæð sem gerir stefnanda skaðlausan af því að þurfa að standa í málarekstrinum.

Stefnda er skv. þjóðskrá búsett í Danmörku en ekki hefur tekist að birta fyrir stefndu þar, og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfu-réttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 47. gr., 52. gr. og 53. gr. sbr. 23. gr. laga nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 49. gr. sömu laga.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisauka-skattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Reikningsyfirlit.
